

# Umræðuhópur

## Panel



**Jóhann Heiðar  
Jóhannsson**

[johannhj@landspitali.is](mailto:johannhj@landspitali.is)

Í 196. pistli (Læknablaðið 2007; 93: 239) voru tilgreind ensku orðin **panel** og **panel discussion**, sem notuð hafa verið í tengslum við opna umræðu valins hóps, við eða fyrir framan áheyrendur. Undirritaður tilgreindi íslensku heitin **umræða** og **umræðuhópur** til að nota í þessu samhengi. Bent var á að nafnorðið **panel** væri sennilega komið inn í miðaldaensku úr frönsku, en þar hefði það upphaflega merkt *hluti af einhverju*.

Porkell Jóhannesson sendi stuttu síðar tölvupóst með þessum orðum: *Ég er ekki ósammála þýðingunni á PANEL í þessu samhengi. Orðið er réttilega komið úr frönsku í ensku, en á rætur sínar í miðaldalatínu, PANNELLUS, sem er smækkuð mynd úr PANNUS, en pannus á sér gildar merkingar í læknisfræði (t.d. pannus corneae). Upphaflega merkingin getur því traudla verið „hluti af einhverju“ eins og þú skrifar. Mér skilst raunar, að upphaflega merkingin hafi verið ferhyrndur klútur eða eitthvað slíkt. Í ensku hefur orðið síðan fengið fjölda yfirfærðra merkinga (t.d. kviðdómur) og kemur fyrir í ýmsum samsetningum (t.d. panel-doctors).*

## Ekki sammála

Undirritaður hefur stundum lagst gegn tillögum Þorkels, eins og sjá má til dæmis í pistlum 35, 67 og 172. Allt hefur það verið í góðu, utan einu sinni. Þá hringdi Þorkell og var nokkuð hvass eftir að einn pistillinn hafði birst og ítrekaði af ákefð tillögu sína, sem undirritaður hafði andmælt. Báðir endurtóku röksemdir sínar og hvorugur gaf sig þar til Þorkell kvaddi skyndilega með þessum orðum: *„Jæja, ég nenni ekki þessu þvargi lengur.“* Ekki leið þó á löngu þar til næsta tillaga barst.

## Hljóðritun

Í 198. pistli (Læknablaðið 2007; 93: 445) var fjallað um texta og fræðiheiti í nýlegri Handbók í lyflæknisfræði. Meðal annars var minnst á hljóðritun efnaheita og lyfjasamheita á íslensku. Sett var fram ósk um að hljóðritunarskrefið yrði stigið til fulls, þannig að **s** eða **k** kæmi alltaf í stað **c**, eins og við ætti, og að **s** kæmi alltaf í stað **z** (salicýlat verði salisýlat og prómetazín verði prómetasín). Sömuleiðis var lagt til að íslensku broddstafirnir yrðu hiklaust notaðir þannig að ritað væri í en ekki **i** (nítro- en ekki nitró-) og **ó** en ekki **o** (fenól- en ekki fenol-) þegar við ætti.

Frá Þorkeli barst síðan þetta: *Ég er þér sammála um broddstafina. Raunar fellur mér fyrir brjóst, að ýmsir, einkum ekki læknislerðir menn, bögglast með „nítur“ í stað „nítur“, sem á sér fallega hliðstæðu í*

*„mítur“, þegar þeir vilja ekki sætta sig við að nota hið gamalþekktu orð köfnunarefni.*

## Önghljóð og hvæs

Síðasti íðorðapistill var helgaður Þorkeli Jóhannessyni til að þakka fyrir þátttöku hans og þann áhuga sem hann hefur ætíð sýnt íðorðasmíðinni. Athugasemdir frá Þorkeli hafa nú birst í sextán pistlum, ef rétt er talið, og skal nú getið þeirrar sem síðast barst.

Í 201. pistli (Læknablaðið 2007; 93: 445) var fjallað um hvernig þýða ætti orðið **wheezing** í læknisfræðilegum textum. Niðurstaða undirritaðs var sú að **wheezing** mætti þýða á tvo vegu: 1. **önghljóð**, þegar vísað er til hátóna flautu- eða blásturshljóða sem heyrast við lungnahlustun, og 2. **hvæsandi** eða **másandi öndun**, þegar vísað er til öndunarhljóða sem sjúklingur eða nærstaddir heyra. Bent var á að uppruna ensku sagnarinnar **to wheeze** mætti rekja um miðaldaensku (*whese*) og fornensku (*hwæsan*) og síðan til íslensku (*huæsa*).

Þorkell vildi þá bæta þessu við: *Til gamans vil ég benda á að anglósaxneska orðið „hwæsan“ eða „hwæsan“ er einnig rótskylt „hwösta“ á því máli, sem orðið er að „husten“ í þýsku og svo vitanlega enn nær stofni að „hósta“ á íslensku.*

## Early mobilization

Albert Páll Sigurðsson, taugasjúkdómalæknir, sendi beiðni um gott íslenskt heiti sem nota mætti í stað ensku samsetningarinnar **early mobilization**. Hugtakið felur í sér að sjúklingar eru virkjaðir fljótt eftir aðgerð eða sjúkdómsáfall (svo sem slag), og fengnir til að hreyfa sig í rúmi, fara á fætur og sinna eigin þörfum eins og hægt er.

Fjallað var um orðið **mobilization** í pistlum 167, 194 og 195. Fram kom að notkunarsviðin væru mörg og að orðið væri notað um: 1. *útleysingu frumna úr beinmerg*, 2. *útlosun efna úr fordabúri í vefjum eða frumum í líffæri*, 3. *virgjun varnarviðbragða*, 4. *ræsingu líðsauka á stofnun til vinnu eða í útkall*, 5. *losun líffæris úr samvöxtum eða náttúrulegri festingu við skurðaðgerð* og 6. *líðun líða og líðamóta*.

## Snemmvirkjun

Við ofanritað mætti nú bæta: 7. *virgjun sjúklinga til að hreyfa sig*. Undirritaður setti strax saman úr þessum efniviði nafnorðið **snemmvirkjun** sem þýðingu á **early mobilization**. Kallað er eftir fleiri hugmyndum eða athugasemdum.

Jóhann Heiðar  
er læknir  
á Landspítala  
Hringbraut.